



## 385. Fundargerð Skaftárhrepps

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundar fimmtudaginn 11. júní 2015 á 25 ára afmæli Skaftárhrepps. Í tilefni afmælisins verður fundargestum boðið uppá kaffi og köku.

Fundur hefst **kl. 13:00 á Kirkjubæjarstofu** ath. breyttan fundarstað.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur og er 6 blaðsíður.

Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Mættir undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Eva Björk Harðardóttir oddviti, býður fundarmenn velkomna og óskar Skaftárhreppi til hamingju með 25 ára afmælið og býður fundargestum uppá köku og kaffi í tilefni dagsins.  
Fundarhlé.

Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá, að við málefnskrá bætist við í málefni til umfjöllunar og fundargerðir til samþykktar:

19. Umsögn um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir Dalshöfða Gistiheimili
20. Samningar við grenjaskyttur til þriggja ára
21. Tilnefning D-lista í menningarmálanefnd
22. Umsögn um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir Hólaskjól

Fundargerðir til samþykktar;

1. Fundargerð 111. fundar skipulagsnefndar 10.06.2015
2. 17. fundur Fundargerð umhverfis- og náttúrverndarnefndar 04.06.2015

Dagskrárbreyting samþykkt.

*Sveitarstjóri og Oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjóri fór ásamt verkefnisstjóra Skaftárhrepps til framtíðar á kynningarfund í Vík um þjóðlendumál þann 19. maí s.l. Þrjú sóttu um starf tónlistarskólustjóra, tveir um starf leikskólustjóra, fimm um starf íþrótt- og tómstundafulltrúa og fjórir um stöðu slökkviliðsstjóra en þar dró einn umsókn sína til baka. Enginn sótti um starf láglendisvarðar. Viðtöl eru í gangi og gert er ráð fyrir að öllum ráðningum verði lokið í byrjun júlí. Það er áætlaður fundur sveitarstjóra, oddvita og verkefnisstjóra Skaftárhrepps til framtíðar með Ríkiseignum 16. júní vegna jarða í ríkiseigu. Ef einhverjir vilja koma á framfæri skilaboðum á þann fund þá má hafa samband við sveitarstjóra.*

## Dagskrá

### I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu Bakkakotsvegar 1 (nr. 2139) af vegaskrá. Bréf frá Vegagerð dags. 22. apríl 2015.



Sveitarstjórn bókar;

*„Ein af stoðatvinnugreinum sveitarfélagsins er landbúnaður en nýliðun hefur verið ábótavant undanfarin ár. Sveitarstjórn Skaftárhrepps vill stuðla að því að jörðin Bakkakot 2a verði áfram í ábúð og getur niðurfelling Bakkakotsvegar 1 (nr. 2139) af vegaskrá rýrt búsetuskilyrði jarðarinnar. Sveitarstjórn Skaftárhrepps mótmælir því niðurfellingu vegarins af vegaskrá“*

2. Breyting á rekstrarleyfi Giljalands til umsagnar

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við erindið*

3. Rekstrarleyfi í gistiflokki II fyrir Heiðarsel til umsagnar

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við erindið*

*Eva Björk Harðardóttir lýsir sig vanhæfa til að fjalla um næsta dagskrárlið og kallar inn varamann Bjarna Bjarnason. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir tekur við stjórn fundarins.*

4. Álit Orkustofnunar vegna Vatnaveitinga útá Eldraun við Árkvíslar og við Skál. dags. 27.05.2015.

*Sveitarstjórn bókar;*

*Í ljósi þeirra málaferla sem eru í gangi á hendur íslenska ríkinu og Skaftárhreppi óskar Skaftárhreppur eftir að beðið verði niðurstöðu dómsmáls áður en farið verður í frekari aðgerðir varðandi vatnaveitingar við Árkvíslar.*

*Sveitarstjóra og lögfræðingi sveitarfélagsins falið að svara erindi Orkustofnunar.*

*Bjarni víkur af fundi Eva Björk kemur aftur til fundarins*

5. Framkvæmdaáætlun Félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu í barnavernd 2014-2018 til samþykktar.

*Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir framkvæmdaáætlun*

6. Samstarfsyfirlýsing sveitarfélaganna á Suðurlandi um að beita sér fyrir átaki gegn heimilisofbeldi í samvinnu við lögregluna á Suðurlandi til staðfestingar.

*Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir samstarfsyfirlýsinguna.*

7. Hvatning um gróðursetningu í tilefni af því að 35 ár eru frá því að Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti Íslands.

*Sveitarstjóri og Heiða Guðný Ásgeirsdóttir verða fulltrúar sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir erindið*

8. Endurskoðun á samningi Umhverfisstofnunar og sveitarfélaga um refaveiðar 2014-2016

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við samninginn*

9. Reglur um félagslega liðveiðslu sbr. 24. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 til staðfestingar.



*Sveitarstjórn staðfestir reglurnar*

10. Mögulegt samstarf í skipulags- og byggingarmálum bréf dags. 20. maí 2015 frá sveitarstjóra Rangárpings ytra.

*Sveitarstjóra og skipulags- og byggingafulltrúa falið að fá nánari upplýsingar um málið.*

11. Beiðni frá SASS, Tilnefning tveggja kjörinna fulltrúa til þátttöku á fundum um svæðisskipulag og mögulegt hlutverk þess við byggðapróun.

*Sveitarstjórn tilnefnir formann skipulagsnefndar Kristbjörgu Hilmarsdóttur og Bjarka Guðnason*

12. Beiðni frá SASS; Tilnefning tveggja fulltrúa til undirbúnings menntaþinga á Suðurlandi

*Sveitarstjórn tilnefnir Auðbjörgu Brynju Bjarnadóttur formann fræðslunefndar og Kjartan H. Kjartansson skólastjóra*

13. Umsögn Skaftárhrepps um mál 588 tillögu til þingsályktunar um eflingu brothættra byggða og byggðafestu veiðiheimilda.

*Sveitarstjórn bókar;*

*„Skaftárhreppur hefur verið þátttakandi í verkefninu Brothættar byggðir frá árinu 2013. Sveitarstjórn Skaftárhrepps telur mikilvægt að stefnumörkun verði unnin fyrir málaflokkinn og að lögð verði áhersla á styrkingu innviða s.s. fjarskipti, rafmagn og samgöngur. Einnig þarf að tryggja verkefninu nægjanlegt fjármagn til sértækra verkefna á sviði uppbyggingar innviða sér í lagi á þeim stöðum þar sem byggðafesta veiðiheimilda á ekki við.“*

14. Umsögn Skaftárhrepps um mál 693 frumvarp til laga um byggðaáætlun og sóknaráætlanir.

*Sveitarstjórn staðfestir eftirfarandi umsögn sem send var 21.05.2015;*

### **3. gr. Byggðaáætlun**

*Taka ætti skýrt fram í 7.m.gr að samráð sé haft við sveitarfélög á svæðum sem búa við langvarandi fólksfækkun.*

### **4. gr. Sóknaráætlanir landshluta**

*Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að hver landshluti geri samning við ráðuneyti um fjárframlög sem heimamenn ráðstafa til framkvæmdar áætluninni. Ekki er hins vegar tiltekið í 4. gr. að fjármunir til landshlutasamtaka fylgi sóknaráætlun en mikilvægt er að það komi fram. Mikilvægt er að tryggja að fjármunir til sóknaráætlunar skerðist ekki þar sem svelt sóknaráætlun þjónar seint tilgangi sínum.*

15. Umsögn til sveitarstjórnar um úttekt á félagsheimilinu Tunguseli dags. 26.05.2015.

*Úttekt félagsheimilisins er gerð í þeim tilgangi að hægt sé að sækja um rekstrarleyfi til sölu gistingar.*

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við umsögnina.*

16. Mannvirkjastofnun. Úttekt slökkviliða 2015 Kirkjubæjarklaustur og úttekt á brunavörnum. 22.05.2015



*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kalla eftir fundi við slökkviliðsstjóra eftir að ráðningum lýkur og fara yfir leiðir til úrbóta og forgangsraða verkefnum.*

17. Yfirfærðar reglur samþykktar af félagsmálanefnd júní 2015 til samþykktar

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við reglurnar.*

18. Frí í tilefni af 100 ára afmæli kosningarréttar kvenna 19. júní frá 13:00-17:00

*„Sveitarstjórn Skaftárhrepps mælist til að forstöðumenn stofnanna sveitarfélagsins veiti starfsmönnum frí frá 13:00-17:00 þann 19. júní 2015 í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi á þeim stofnunum þar sem hægt er að koma því við. Sveitarstjóri leggur til að starfsmenn hjá þeim stofnunum þar sem ekki er hægt að stöðva starfsemi á ofangreindum tíma fái jafn marga orlofstíma og þeir vinna sem bætast við áunnið orlof.“*

19. Umsögn um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir Dalshöfða Gistiheimili

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við erindið*

20. Samningar við grenjaskyttur til þriggja ára

*Sveitarstjórn bókar;*

*Gerður verður samningur við grenjaskyttur til þriggja ára sé þess kostur. Samningar verða með uppsagnarákvæði að beggja hálfu ef forsendubrestur verður á samningstímanum.*

21. Tilnefning D-lista í menningarmálanefnd

*D listi tilnefnir Sólveigu Ólafsdóttur aðalman og Sólveigu Pálsdóttur sem varamann í stað Eyrúnar Elvarsdóttur fyrrum aðalmanns og Ágústs Leó Sveinssonar fyrrum varamanns.*

22. Umsögn um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir Hólaskjól

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við erindið*

## **II. Fundargerðir til samþykktar**

1. Fundargerð 111. fundar Skipulagsnefndar 10. júní 2015

### **Skipulagsmál:**

#### **1. Orustustaðir – kynning á niðurstöðu skipulagsstofnunnar**

Farið yfir niðurstöðu skipulagsstofnunnar vegna deiliskipulags að Orustustöðum.

*Nefndin mælist til þess að Skipulagið verði yfirfarið m.t.t. athugasemda skipulagsstofnunnar. Jafnframt leggur nefndin til að samráðsfundur verði haldinn með hagsmunaaðilum vegna veglínu innan deiliskipulagsins.*

*Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.*

#### **2. Hrífunes – kynning á deiliskipulagi í vinnslu**



Fulltrúa skipulags –og byggingarmála barst tillaga að nýju deiliskipulagi vegna Hrífuness skömmu fyrir fund. Lagt fram til kynningar.

***Nefndin leggur til að skipulagið verði klárað og aulýst samkv. 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málinu.***

*Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.*

*Fundargerðin samþykkt í heild sinni.*

2. 17. Fundargerð umhverfis- og náttúrverndarnefndar 04.06.2015

*Fundargerð samþykkt.*

### **III. Fundargerðir til kynningar.**

1. 26. fundur félagsmálanefndar. 01.06.2015. *Fundargerð kynnt*
2. 491. fundur stjórnar SASS. 16.02.2015. *Fundargerð kynnt*
3. 492. fundur stjórnar SASS. 06.03.2015. *Fundargerð kynnt*
4. 493. fundur stjórnar SASS 08.04.2015 *Fundargerð kynnt*
5. 494. fundur stjórnar SASS 08.05.2015 *Fundargerð kynnt*
6. Aðalfundargerð Háskólafélags Suðurlands ehf. 20.05.2015. *Fundargerð kynnt.*
7. Fundargerð 16. fundar félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. 04.06.2015. *Fundargerð kynnt.*
8. Fundargerð 828. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga. 29.05.2015. *Fundargerð kynnt*
9. I. Fundur samstarfsnefndar lögreglustjóra og sveitarstjóra. 25.03.2015. *Fundargerð kynnt*
10. Stjórnarfundur Friðar og frumkrafta. 25.05.2015. *Fundargerð kynnt*

### **IV. Annað kynningarefni.**

1. Skilaboð úr hópaumræðum á ráðstefnu SASS á Hellu. 29.04.2015. *Kynnt*
2. Ársreikningur Háskólafélags Suðurlands 04.05.2015. *Kynnt*
3. Ársskýrsla Náttúrustofu Suð-austurlands. 05.05.2015 *Kynnt*
4. Bréf frá starfshópi skólastjórnenda um nám á framhaldsstigi í tónlist. Athugasemdir vegna vinnu við breytingar á uppbyggingu tónlistarnáms. 08.05.2015. *Kynnt*
5. Tilkynning frá Skipulagsstofnun. Mat á umhverfisáhrifum – C-flokkur. 29.05.2015. *Kynnt*
6. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra Háskólafélags Suðurlands til aðalfundar 2015. 29.04.2015. *Kynnt*
7. Varasjóður húsnaðismála. Efni: Lok verkefni um framlög til sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almennum markaði. 21.05.2015. *Kynnt*
8. Áskorun frá skólastjórafélagi Suðurlands. 29.05.2015. *Kynnt*

Næsti fundur áætlaður fimmtudaginn 20. ágúst á Kirkjubæjarstofu kl. 13:00.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:52



---

Eva Björk Harðardóttir

---

Jóhannes Gissurarson

---

Guðmundur Ingi Ingason

---

Bjarki V. Guðnason

---

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir

---

Bjarni Bjarnason